

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**618. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 26. október 2009
kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.**

Dagskrá:

1. Bréf Sóknarnefndar Hvammstangakirkju.
2. Vaxtarsamningur – Styrkumsókn v/ þekkingarseturs.
3. Fundargerð stjórnar SSNV frá 13. október sl.
4. Viðræður við fulltrúa Hestamannafélagsins Þyts og Hvammstangahallarinnar ehf.

Afgreiðslur:

1. Fram lagt bréf Sóknarnefndar Hvammstangakirkju dags. 19. október 2009, þar sem óskað er eftir viðræðum um lagfæringar á kirkjugarði og fjármuni í því sambandi. Samþykkt að fá fulltrúa sóknarnefndar til viðræðna við byggðarráð.
2. Lögð fram styrkumsókn v/þekkingarseturs á Hvammstanga. Byggðarráð samþykkir að vera aðili að umræddri umsókn.
3. Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 13. október 2009. Formaður byggðarráðs kynnti.
4. Fulltrúar Hestamannafélagsins Þyts og Hvammstangahallarinnar ehf. Ragnar Smári Helgason og Tryggvi Rúnar Hauksson eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Rætt um framkvæmdir við byggingu reiðhallarinnar, fjárhagsleg samskipti við sveitarfélagið og undirbúning fyrir íslandsmót barna og unglunga í hestaíþróttum sem haldið verður í Kirkjuhvammi árið 2010. Lagður fram til kynningar ársreikningur Hvammstangahallarinnar ehf. árið 2008.

Samþykkt að taka á dagskrá:

5. Þjónustusamningi við Bæjarhrepp um brunavarnir, sem frestað var á síðasta fundi . Byggðarráð samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir hönd Húnaþings vestra.
6. Rakel gerði grein fyrir ferð fulltrúa sveitarfélagsins til Grundarfjarðar til skoðunar á fjölbrautaskóla Snæfellinga. Ferðin var farin með það í huga að kanna möguleika á að setja upp framhaldsdeild á Hvammstanga.
7. Rætt um vetrarþjónustu Vegagerðarinnar. Samþykkt að fá Þorvald Böðvarsson til viðræðna við byggðarráð.
8. Lagt fram til kynningar upplýsingar um refa-og minkaveiðar árin 2003-2009 og um kostnað vegna styrkvega árið 2009.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:15

Elín R. Líndal(sign.),
Rakel Runólfsdóttir(sign.),
Áheyrnarfulltrúi:

Guðrún Ragnarsdóttir(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.),
Oddur Sigurðarson(sign.).